



Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna, nr.21/1992 (lánshæfi aðfararnáms) frá Sambandi íslenskra námsmanna erlendis

146. Löggjafarþing 2016-2017

Pingskjal 522 - 392.mál.

Stjórnarfrumvarp.

Fyrir liggur á Alþingi ofangreint frumvarp til laga um breytingu á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna (LÍN), þar sem lagt er til að námslán til aðfararnáms á Íslandi verði lánshæft. Það er sérstaklega tekið fram það verði ekki veitt lán til samskonar náms til námsmanna erlendis.

Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að tilefni þess væri skýrsla Ríkisendurskoðunar, *Lánasjóður íslenskra námsmanna - Lánshæfi náms og þróun útlána* (júní 2011) þar sem m.a. kemur fram að lánveitingar vegna aðfararnáms fari ekki aðeins í bága við ákvæði laga um LÍN heldur að einnig sé brotin jafnræðisregla gagnvart þeim sem leggja stund á framhaldsskólanám til stúdentaprófs. Þá er vísað til meginhlutverks LÍN að jafna aðgengi og möguleika til aukinnar menntunar óháð efnahag og að veita trygga lagastoð til að ná því hlutverki sjóðsins. Að auki segir:

Aðfaránám og viðurkenning þess sem aðstoðarhæft nám hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna gefur ákveðnum hópi einstaklinga aukin tækifæri til að afla sér frekari menntunar. Eitt helsta sjónarmiðið að baki aðstoðarhæfi aðfararnáms er að samsetning nemendahóps í því námi er ólík því sem er í hefðbundnu námi á framhaldsskólastigi. Nemendur eru eldri og koma oftast nær til námsins úr atvinnulífinu. Aðfaránám er skipulagt af háskólum til eins árs og það ásamt starfsreynslu nemanda myndar brú til náms við viðkomandi háskóla. Slíkir nemendur eru yfirleitt virkir á vinnumarkaði og líklegir til að hafa fjárhagslegar skuldbindingar. Þess vegna má telja að umræddir nemendur eigi erfitt með að hætta vinnu og fara í nám sem ekki væri aðstoðarhæft.

Miðað við það sem kemur fram að ofan verður ekki annað séð en það skjóti skökku við að leggja bann við samskonar lánnum til námsmanna erlendis. Það liggur í augum uppi að slík mismunun gagnvart námsmönnum eftir því hvar þeir stunda nám sitt brjóti gegn jafnræði þeirra og þar með þeirri jafnræðisreglu sem er að finna í stjórnslulögum og lögum um LÍN.

Líkt og kemur fram í frumvarpinu hefur LÍN ekki haft lagalegan grundvöll til þess að lána í nám við frumgreinadeildir íslenskra menntastofnana og annarra sambærilegra valkosta, s.s. Háskólabrú. Hefur það hins vegar ekki komið í veg fyrir að slíkt hið sami hafi engu síður verið gert í mörg ár. Námsmenn erlendis hafa margir þurft að nýta sér þennan möguleika og kemur upp í hugann, namar í Byggingartæknifræði í Danmörku sem margir hafa tekið svokallað “Grundforlob” sem hefur verið þeim mikilvægur undirbúningur undir krefjandi háskólanám.

Með því að bjóða aðeins upp á þann möguleika að fá námslán fyrir slíku námi á Íslandi en ekki erlendis er lokað fyrir þann möguleika á að námsmenn sem hyggjast sækja nám sitt erlendis í framtíðinni geti átt kost á slíku undirbúningsnámi við viðeigandi menntastofnun og hlotið þar með réttan undirbúning undir framhaldsnám sitt. Hérna verður að hafa í huga að allt framhalds- og/eða háskólanám er ekki í boði á Íslandi og því takmarkar þessi breyting möguleika námsmanna á að stunda nám sem er einungis í boði utan landsteinanna.

Stjórn SÍNE leggur áherslu á að ekki sé rétt að veita aðeins námsmönnum á Íslandi þennan valkost heldur þurfi einnig að taka tillit til þeirra sem velja að stunda nám sitt erlendis.

Fulltrúar SÍNE vonast eftir að verða boðið á fund með allsherjar- og menntamálanefnd til að ræða við nefndarmenn um afstöðu félagsins til þessara breytinga.